



Hagstofa Íslands

19. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, með síðari breytingum (heimild til rafrænna íbúakosninga og gerð rafrænnar kjörskrár). 449. mál.
(lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013)

Allsherjarnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um ofangreint frumvarp.

Hagstofa Íslands hefur alveg frá því hún tók til starfa, árið 1914, haft kosningaskýrslugerð á verksviði sínu. Með því er átt við almennar kosningar; þ.e. alþingiskosningar, sveitarstjórnarkosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur.

Hagstofan styður eindregið sérhver þau skref sem miða að aukinni notkun rafrænna kjörskráa við almennar kosningar. Verði rafrænar kjörskrár að veruleika mun Hagstofunni gert kleift að birta tölur um kosningaþátttöku með mun ítarlegri hætti en hingað til hefur tíðkast. Þar að auki mun nákvæmni og fjölbreytni upplýsinganna aukast og mikil vinna sparast bæði hjá kjörstjórnnum við framkvæmd kosninga og hjá Hagstofunni við skýrslugerð.

Hagstofan hefur áður tjáð Alþingi þessa afstöðu og kýs að fjölyrða ekki um fyrri tillögur sem miða að vandaðri framkvæmd almennra kosninga og bættri skýrslugerð að þeim afstöðnum. Kjarni þeirra tillagna er óskinn um að löggjafinn setji kjörstjórnnum samræmdar og nákvæmari reglur um framkvæmd kosninga.

Virðingarfyllst,

Magnús S. Magnússon
skrifstofustjóri